

fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklastrjúklinga, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969 og lög nr. 22 10. apríl 1974 öðlast gildi 1. janúar 1976.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. ágúst 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

29. ágúst 1975.

Nr. 391.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Húsavíkurkaupstað, nr. 33 27. janúar 1972.

1. gr.

67. gr. orðist svo:

Hundahald er bannað á Húsavík, bæjarstjórn er þó heimilt að veita undanþágu frá banninu með þeim skilyrðum, sem talin eru upp í samþykkt um hundahald í Húsavíkurkaupstað.

Flækingshunda og hunda úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni og í taumi, er lögreglunni heimilt að handsama og lóga þegar í stað.

Hundar, sem ráðast á menn eða skepnur, eru réttdræpir.

Skýlt er lögreglustjóra að hafa eftirlit með því, að hundaeigendur komi hundum sínum til lækninga samkvæmt því, sem mælt er fyrir um lækningu hunda af bandormum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. ágúst 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.